

# Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315 mál.

## Inngangur

Í eftirfarandi athugasemdum viljum við leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi tvö atriði:

### 1. Axarvegur.

Eins og fjallað er um í kaflanum "Vegaáætlun – Nýframkvæmdir" hér að neðan. Þá er það algjörlega óásættanlegt fyrir sameinað sveitarfélag Múlaþings að framkvæmdum við Axarveg verði ekki lokið fyrr en á 4 áratug þessarar aldar. Við slíkt verður ekki unað. Þessari framkvæmd hefur verið frestað alltof lengi nú þegar.

### 2. Fjarðarheiðargöng.

Afar brýnt er að staðið verði við núverandi áætlun um gerð Fjarðarheiðarganga eins og fram kemur í kaflanum "Jarðgangaáætlun – Fjarðarheiðargöng".

## Fjármálaáætlun 2024-2028

- Egilsstaðaflugvöllur – Akbraut og flughlað (1.452 millj.kr.).
  - Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2025 með 50 millj.kr. Jákvætt að þetta skuli vera inni á áætlun en mikilvægt væri að fjármögnun færist fram um eitt ár og að framkvæmdir hæfust 2024 í stað 2025 og að hluti fjármagns sem er ætlað árin 2029-2033 færist til ársins 2028.
  - Mikilvægt er að flýta framkvæmdum m.a. með tilliti til öryggis og almannavarna er tengjast gosvirkni á Reykjanesi sem ógnar flugöryggi landsins.
  - Einnig er vert að hafa í huga að í tengslum við eflingu fiskeldis á svæðinu verður þörf á að hægt verði að bjóða upp á að hluti útflutnings afurða þaðan fari með flugi um Egilsstaðaflugvöll.
  - Múlaþing fagnar tilkomu varaflugvallargjalds og leggur áherslu á að ekki verði horfið frá því fyrirkomulagi því með þessu verður hægt að tryggja fjármögnun nauðsynlegrar uppbyggingar varaflugvalla til framtíðar.
- Vegagerðin – Vetrarþjónusta.
  - Mikilvægt er að vetrarþjónusta verði eflid og að tengingar á milli þéttbýliskjarna verði þjónustaðar alla daga vikunnar. Uppfæra þarf þjónustustig vegna vetrarþjónustu þannig að vegur til Borgarfjarðar um Vatnskarð verði þjónustaður alla daga vikunnar. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu vegagerðarinnar er þetta eini þéttbýliskjarni landsins (skv. skilgreiningu Hagstofunnar), þar sem eina vegtengingin er um fjallveg, sem ekki nýtur vetrarþjónustu alla daga vikunnar. Við þessu þarf að bregðast.

- Lögð er áhersla á að vetrarþjónusta á Axarvegi verði alla mánuði ársins þar sem um mikilvæga samgöngutengingu er að ræða fyrir Austurland allt.
- Vegaáætlun – Nýframkvæmdir
  - Óásættanlegt er að framkvæmdir við Axarveg verði ekki færðar fram en gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi tillögum. Mikilvægt er að framkvæmdir hefjist 2024 í stað 2027 og verði lokið 2028 í stað 2033.
  - Um er að ræða framkvæmd sem ráðast átti í fyrir rúmum áratug síðan en var frestað í kjölfar Hrunsins 2008. Það er því með öllu óásættanlegt að þessi framkvæmd muni frestast eina ferðina enn.
  - Axarvegur mun hafa gífurlegt samfélagslegt gildi, verða til þess fallinn að koma til móts við umhverfissjónarmið með minnkun kolefnislosunar og öryggissjónarmið auk þess að hafa umtalsvert hagkvæmisgildi fyrir flutningsaðila á Austurlandi og atvinnulíf m.a. vegna tengingu afurða frá fiskeldi á Djúpavogi við útflutning um Egilsstaðaflugvöll og Seyðisfjarðarhöfn.
  - Á það skal bent að Axarvegur uppfyllir vel lykilviðfangsefnin 13 sem talin eru upp í Samgönguáætlun kafla "II. MARKMIÐ, ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR" en þó sérstaklega fyrstu 8 atriðin sem verða að teljast mikilvægust þegar um samgöngubætur er að ræða á landsbyggðinni. Þá skal á það sérstaklega bent varðandi fyrsta liðinn "1. Fækkun slysa í samgöngum" að núverandi Axarvegur er sá veghluti í dreifbýli sem er með flest slys og óhöpp á ekinn kílómetra á árunum 2018 til 2022 (7,73 slys) skv. kafla 3.3.1 í [umferðaröryggis-skýrslu Samgöngustofu 2022](#). Út frá þeim upplýsingum ætti Axarvegur að vera sá vegkafla sem ætti að vera í hæstum forgangi þegar kemur að fjárfestingu í vegakerfi landsbyggðarinnar.
  - Skoðað verði einnig að framkvæmdir vegna Lagarfliótsbrúar, Hringvegur um Egilsstaði og Djúpavog, snjóflóðavarna Hringvegur um Grænafell, Upphéraðsvegur um Strönd og Klausturselsvegur verði færðar fram en gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi tillögum.
  - Lögð er áhersla á að gert verði ráð fyrir vegtengingu frá Kárahnjúkum að Brú á Jökuldal (Austurleið) á samgönguáætlun þannig að komið verði á hringtengingu sem verði fær öllum bílum.
  - Suður -og Norðurdalur í Fljótsdal. Óskað er eftir að þessir tveir héraðs- og tengivegir verði settir inn á vegaáætlun og tryggt verði fjármagn til framkvæmda á árunum 2024-2025. Nauðsynlegt er að komið verði á vegina bundið slitlag hið fyrsta.
  - Með vísan til markmiða um jákvæða byggðapróun er lögð áhersla á að viðhald og endurbætur á tengi- og héraðsvegum verði eflað og að unnin verði uppbyggingaráætlun með forgangsröðun í samráði við sveitarfélög.
- Jarðgangaáætlun – Fjarðarheiðargöng.
  - Því ber að fagna að Fjarðarheiðargöng eru í forgangi hvað varðar næstu jarðgöng á Íslandi. Eins og ítrekað hefur verið komið á framfæri eru göngin fullhönnuð og tilbúin til útboðs og því afar mikilvægt að ekki verði frekari tafir framkvæmda en orðið hefur og að framkvæmdir hefjist árið 2024 eins og núgildandi samgönguáætlun gerir ráð fyrir.

- Mikilvægt er að ráðist verði strax í rannsóknir og hönnun gangna á milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og Mjóafjarðar og Norðfjarðar þannig að hægt verði ráðast í framkvæmdir við þá gangagerð um leið og framkvæmdum við Fjarðarheiðargöng verður lokið eins og fram kemur í nágildandi samgönguáætlun (2020-2034).
  - Það er gífurlega mikilvægt fyrir atvinnu-, samfélags- og öryggismál á Austurlandi öllu að sú hringtenging sem þá verður að veruleika náist innan ásættanlegra tímamarka.
- Hafnir
    - Því ber að fagna að þær áherslur er Múlaþing hefur komið á framfæri varðandi nauðsynlegar hafnaframkvæmdir séu inni í aðgerðaráætlun 2024-2028.
    - Um er að ræða lengingu strandabakka á Seyðisfirði og endurbyggingu Angro auk sjóvarna og framkvæmdir við Borgarfjarðarhöfn auk sjóvarna við gömlu bryggju og í Njarðvík.
    - Hafnir er vinna við skipulagsgerð vegna uppbyggingar Djúpavogshafnar til framtíðar, í samráði við Siglingasvið Vegagerðarinnar, og er þess vænst að þær framkvæmdir muni rúmast innan ramma langtímasamgönguáætlunar.
    - Framundan eru kostnaðarsamar framkvæmdir í höfnum Múlaþings er snúa að orkuskiptum og mikilvægt, samkvæmt markmiðum varðandi umhverfislega sjálfbærar samgöngur, að gert verði ráð fyrir fjárstuðningi til þeirra framkvæmda.
  - Fjármögnun
    - Unnin verði tímasett áætlun um þau verkefni sem vinnustofa ráðuneyta um gjaldtöku af umferð vinnur að og þannig verði tryggt að tekjuöflun á grundvelli niðurstöðu þeirrar vinnu styðji við framkvæmdir s.s. Axarveg og Fjarðarheiðargöng innan áætlaðra tímamarka.

Egilsstaðir 25. október 2023

F.h. Múlaþings

Björn Ingimarsson  
Sveitarstjóri



